

---

# Læsisstefna Hvaleyrarskóla



---

## Læsisstefna Hvaleyrarskóla

Læsisstefna Hvaleyrarskóla er leiðarvísir um nám og kennslu í öllum þáttum læsis. Stefnunni er ætlað að vera í stöðugri þróun í takt við nýjustu áherslur í námi og kennslu barna og krefst því markvissrar endurskoðunar. Hún á að vera upplýsandi fyrir starfsfólk skóla og foreldra og skapa sameiginlega sýn.

Sett er fram heildstæð stefna um læsi fyrir alla árganga skólans sem byggir á hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, kennsluaðferðum og kennsluháttum og svo þeim matsaðferðum og leiðum í íhlutun sem eru m.a. sett fram í Lestur er lífsins leikur, stefnu Hafnarfjarðarbæjar um eflingu læsis í grunnskólum Hafnarfjarðar.





## Lestraraðferðir

### **Samtengjandi aðferð:**

**Hljóðaaðferðin:** Aðferðin grundvallast á því að þekkja hljóð stafanna og tengja saman í eina heild. Öflug og góð hljóðkerfisvitund og þekking barna á bókstöfum og hljóðum þeirra hefur mikið forspárgildi fyrir því hversu hratt og vel börn verða umskráningarfær. Mikilvægt er strax á fyrsta ári í lestrarkennslu að barn læri að tengja saman bókstaf og hljóð án umhugsunar þ.e. umskrá (Helga Sigurmundsdóttir, 2011).

### **Heildaraðferð:**

**Orðaaðferðin:** Aðferðin byggir á því að börn læra að þekkja ritháttarmyndir orðanna. Þá eru orð, orðmyndir og einfaldar setningar lærðar í heilu lagi með lýsandi myndum. Þegar líður á kennsluna og færni eykst þá er orðum fjölgað og myndum fækkað (Steinunn Torfadóttir, 2011).



## Lesskilningur

**Lesskilningur** er mjög breytilegur þar sem hann er háður færni þess sem les þ.e. umskráningarfærni, lestraröryggi, orðskilningi og skilningi á þeirri orðræðu sem notuð er í textanum.

Lesskilningi hefur stundum verið skipt upp í þrjú svið:

- Bókstaflegur skilningur þ.e. þær upplýsingar sem koma fram í texta
- Ályktunarskilningur þ.e. lesandi dregur eigin ályktanir af upplýsingum í texta
- Gagnrýninn eða skapandi skilningur þ.e. lesandi tekur afstöðu innihalds textans (Steinunn Torfadóttir, 2011).

**Lesskilningur** byggir á því að lesarinn læri ákveðna færni og kennarar þurfa því að styðja við nemendur í að temja sér ákveðnar aðferðir og verklag t.d hugarkort og gagnvirkan lestur.

### Nemendur:

- Nýta sér bakgrunnspekkingu
- Beita ályktunum
- Sundurgreina aðalatriði og aukaatriði
- Endurtaka/umorða
- Spyrja sig spurninga
- Stjórna eigin námsferli með því að spyrja: Skil ég textann?
- Ákveða orsök og afleiðingu
- Greina efnið
- Meta efnið
- Draga saman niðurstöður
- Gera greinarmun á staðreyndum og hugmyndum.
- Bera kennsl á áróður (Steinunn Torfadóttir, 2011).

## Byrjendalæsi

**Byrjendalæsi** er regnhlífarhugtak yfir fjölbreyttar aðferðir í námi og kennslu nemenda í lestri og lesskilningi í fyrstu bekkjum grunnskóla, einkum í 1. og 2. bekk.

Margskonar gæðatextar eru lagðir til grundvallar kennslunni og gengið út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýti undir ímyndunaraflíð, hvetji þau til gagnrýnnar hugsunar og gefi þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf.

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og námsaðlögun þar sem komið er til móts við færni og þarfir nemenda í auðugu námsumhverfi. Lagt er upp úr samvinnu nemenda og því gegna spil og leikir stóru hlutverki sem tryggja áhuga og virkni (Rósa Eggertsdóttir, 2019).



### **Áherslur:**

- Unnið er með margvíslega gæðatexta
- Lestur, hlustun, tal og ritun er unnið með sem eina heild
- Inn í vinnuferlið eru tengdir sértækir þættir s.s. orðaforði, setningauppbygging, hljóðvitund, réttiritun, skrift og málfræði
- Áhersla er á fjölbreytta kennsluhætti og hvetjandi námsumhverfi
- Einstaklingsmiðun en einnig samvinna í gegnum leik (Rósa Eggertsdóttir, 2019).



## **PALS – Pör Læra Saman**

**K-PALS.** Nemendur vinna saman í pörum og skiptast á að vera þjálfarar og lesarar. Mikil endurtekning er í verkefnum sem stuðlar að aukinni sjálfvirkni í að þekkja og tengja hljóðin við bókstafina. Nemendum er kennt að þekkja algengar orðmyndir og þegar líður á aðferðina æfa sig í að lesa heilar setningar (sislvefur, 2022).

### **Áherslur:**

- Hljóð bókstafa
- Umskráningu
- Hljóðkerfisvitund
- Sjónrænan orðaforða

**PALS.** Nemendur vinna saman í pörum og skiptast á að vera þjálfarar og lesarar og læra aðferðir við að leiðrétta og hrósa. Lögð er áhersla á lestrarfærni og lesskilning (sislvefur, 2022).

### **Áherslur:**


- Paralestur
- Nemendur leiðrétti hvorn annan í lestri
- Endursögn
- Að draga saman efnisgreinar
- Forspá

## Orð af orði

**Orð af orði** er ætlað að auka lesskilning með því að efla orðaforða og orðvitund og gera orðakennslu að föstum lið í kennslu allra námsgreina. Unnið er eftir ákveðinni hugmyndafræði en kennarar þróa sínar eigin aðferðir og leiðir. Áhersla er lögð á fjölbreytta kennslu og viðfangsefni af ýmsu tagi (Guðmundur Engilbertsson, 2013 ).

Dæmi um leiðir í kennslu orðaforða:

### Fraeyr líkan



### Áherslur:

- Koma á auðugu málumhverfi
- Efla vitund um gildi orða og lesturs fyrir nám
- Kenna nemendum leiðir til að greina merkingu orða og beina sjónum markvisst að lesskilningi
- Fjölbreytt kennsla og verkefni (Guðmundur Engilbertsson, 2013).



## Læsisfimman

**Læsisfimman** er gagnreynd aðferð til að þjálfra læsi, sjálfstæð vinnubrögð, sjálfsaga og úthald. Nemendur vinna að 5 námsþáttum sem eru ritun, félagalestur, sjálfstæður lestur, hlustun og orðavinna.

Kennarar aðstoða nemendur við að skilgreina þau markmið sem þau ætla að setja sér í hverjum þætti fyrir sig og þær leiðir sem hægt er að fara til að ná þessum markmiðum (Þorbjörg Halldórsdóttir, 2019).

### Áherslur:

- Ritun – nemendur þjálfast í að koma hugsunum sínum á blað og hlusta á verk samnemenda og lesa upp eigin verk.
- Félagalestur – nemendur lesa til skiptis fyrir hvern annan, spyrja spurninga og svara spurningum
- Sjálfstæður lestur – nemendur lesa í hljóði og læra að velja sér efni við hæfi. Lögð er áhersla á fjölbreyttan lestur
- Hlustun – nemendur hlusta á lesið efni og vinna í tölvu ýmis verkefni sem þjálfra réttiritun og málfræðiþekkingu
- Orðavinna – nemendur vinna að eflingu orðaforða með fjölbreyttum hætti s.s. þjálfra málnotkun, málfræði og réttiritun (Þorbjörg Halldórsdóttir, 2019).



---

## Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur er aðferð sem felur í sér ákveðið ferli sem leiðir til aukins skilnings nemenda á les og námsefni. Beitt er ákveðnu lestrarlagi sem beinir huga lesandans að efninu og sjálfum sér þ.e. hann nýtir þekkingu sína og færni til að ná skilningi á textanum sem hann les.

Aðferðina má nota í heild sinni en einnig má nýta sér staka þætti hennar. Markvissa þjálfun með stuðningi kennara þarf til að nemendur nái töku á aðferðinni og geti nýtt hana sér til gagns. (Guðmundur Engilbertsson, 2013).



### Fjórir þættir aðferðarinnar eru:

- Draga saman aðalatriðin úr texta
- Spyrja spurninga um innihald textans
- Spyrja útskýringa á merkingu orða og orðasambanda
- Spá fyrir um framhald textans, þ.e. hvað gerist næst



## Lestrarþjálfun

Lestri nemenda og þjálfun þarf að fylgja vel eftir bæði í skóla og heima eigi góður árangur að nást. Nemendur koma með heilmikla þekkingu með sér í skólann og því mikilvægt að byggja markvisst ofan á þá færni með fjölbreyttum leiðum og efni við hæfi.

Á yngsta stigi hlusta kennarar og stuðningsfulltrúar nær daglega á nemendur sína fyrstu tvö árin, sér í lagi þá sem eru lengur að ná lestrarfærninni en aðrir og svo eftir þörfum eftir því sem þau verða eldri. Á öðrum stigum er eftirfylgni lestrar í formi leiðsagnarnáms þ.e. nemendur fá leiðsögn allt eftir hvar í læsissnáminu þeir eru staddir.

Yndislestur er þrisvar til fjórum sinnum í viku í yngstu og miðdeild. Nemendur lesa bækur eftir áhuga og fá að segja frá og mæla með bókum. Einnig fá þeir leiðsögn í lesfimi. Á elstastigi er yndislestur á dagskrá fast einu sinni í viku en þá fá nemendur einnig leiðsögn í lesfimi og vinna í lestrardagbókum.

**Heimalestur:** Mikilvægi heimalesturs er ótvíræður þegar kemur að lesfimi, orðaforða og málskilningi nemenda. Nauðsynlegt er að foreldrar styðji vel við börnin sín strax frá upphafi skólagöngu þeirra og séu þeim góð lestrarfyrirmynd.

Lesi skal heima á öllum skólastigum fimm sinnum í viku í það minnsta 15 mínútur í senn og ber foreldrum að kvitta fyrir lestrinum.

### Atriði sem gott er að hafa í huga:

- Velja þarf lestrarbækur við hæfi
- Barnið þarf að geta lesið 95% textans af skilningi
- Lesa 15 mínútur að lágmarki 5 sinnum í viku
- Barnið les upphátt fyrir fullorðinn sem leiðréttir rangt lesin orð ef þarf
- Útskýra orð og ræða efni textans
- Lesa fyrir barnið



## Skimanir

Í upphafi lestrarkennslu er mikilvægt að kortleggja styrkleika og veikleika nemenda í undirstöðupáttum læsis. Lögð er fyrir lesskimun í október þegar nemendur eru komnir af stað í lestrarnáminu. Niðurstöður þeirrar skimunar eru notaðar til að mæta nemandanum þar sem hann er staddur og skipuleggja áframhaldandi leið til læsis.

Skimað er fyrir lestrarvanda með greiningartækinu Logos í 3., 6., og 8. bekk. Þeim nemendum sem sýna vísbendingar um veikleika í grunnundirstöðupáttum læsis er boðin viðhlítandi þjálfun eða greining, allt eftir aldri. Full greining er yfirleitt ekki boðin fyrr en nemendur hafa lokið yngsta stigi.

## Lesfimipróf og mat

Lesfimipróf Menntamálastofnunar eru lögð fyrir nemendur þrisvar yfir veturinn, í september, janúar og maí. Markmið prófsins er að meta hve hratt og af hve mikilli nákvæmni nemandi les, þ.e. er fær um að umbreyta táknum í hljóð. Menntamálastofnun setur fram 3 viðmið um hæfni nemenda í slíkum lestri og er það talinn góður árangur nái nemendur viðmiði 2 fyrir sinn árgang að vori. Nemendum og forráðamönnum er gerð grein fyrir niðurstöðum og setja nemendur sér þá gjarnan markmið um árangur milli prófa og keppa ávallt við sjálfa sig.

Mat á lestrarlagi er gert jafnt og þétt yfir veturinn í formi leiðsagnarmats. Kennari hlustar á nemendur lesa og veitir þeim leiðsögn s.s. um nákvæmni, flæði og góðan hrynjanda. Stuðst er við matsramma Menntamálastofnunar um lestrarlag.

Þegar nemandi hefur náð góðum tókum á tæknilegri hlið lestrar þ.e. getur lesið á góðum hraða og les með góðu lestrarlagi getur hann enn frekar einbeitt sér að innihaldi texta þ.e. orðaforða og lesskilningi.

## Lestrarsprettir

**Lestrarsprettir** eru þrisvar til fjórum sinnum yfir skólaárið og er það læsisteymi skólans sem sér um ytra skipulag þeirra.

Býflugnalestur eða endurtekinn lestur á tíma er góð leið til að þjálfa upp lestur eftir sumar og jólafrí. Hann tekur stuttan tíma í senn en er áhrifarík leið til að festa orðmyndir í sjónminni lesandans og hægt að þjálfa bæði heima og í skóla.

Stærri sprettir eru teknir einu sinni til tvisvar yfir skólaárið með það að markmiði að hvetja til enn frekari lesturs, auka lestraránægju og lestarhvöt nemenda.



## Skólabókasafnið

Skólabókasafn Hvaleyrarskóla gegnir stóru hlutverki í lestrarmenningu skólans. Þar fá nemendur bókakynningar, bókasþjall, upplestur og upplifa ýmsar skemmtilegar uppákomur allt eftir hvað er að gerast í skólanum hverju sinni.

### Litla og stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekkjum taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin er árlega að vori og etja þar kappi við aðra skóla innan Hafnarfjarðar. Forkeppni er haldin í skólanum og valdir fulltrúar skólans til þátttöku. Mikill undirbúningur er fyrir keppnina en nemendur 6. bekkja eru ávallt sérlegir gestir keppinnar innan skólans, þeim til hvatningar og undirbúnings að ári.

Litla upplestrarkeppnin er árlegur viðburður innan skólans sem umsjónarkennarar hafa veg og vanda af. Það eru nemendur 4. bekkja sem taka þátt í henni. Forráðamönnum er þá boðið að koma og njóta upplestrar á sal skólans og uppskera, eftir miklar æfingar með stoltum nemendum.



## Heimildaskrá

Guðmundur Engilbertsson. (2013). *Gagnvirkur lestur*. Orð af orði. <https://hagurbal.weebly.com/gagnvirkur-lestur.html>

Guðmundur Engilbertsson. (2013). *Orð af orði*. Orð af orði. <https://hagurbal.weebly.com/>

Helga Sigurmundsdóttir. (2011). *Umskráning*. Lesvefurinn. <https://lesvefurinn.hi.is/node/136>

Rósa Eggertsdóttir. (2019). *Hið ljúfa læsi*. Rósa Eggertsdóttir.

Sísl. (2022). SÍSL Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir. <https://www.sislvefur.is/>

Steinunn Torfadóttir. (2011). *Kenning Ehri*. Lesvefurinn. <https://lesvefurinn.hi.is/node/177>

Steinunn Torfadóttir. (2011). *Kennsluaðferðir – lesskilningur*. Lesvefurinn. [https://lesvefurinn.hi.is/kennsla\\_lesskilningur](https://lesvefurinn.hi.is/kennsla_lesskilningur)

Þorbjörg Halldórsdóttir. (2019, 23. desember). *Læsisfimman - námsskipulag til að þjálfa læsi í fjölbreyttum nemendahópi*. Skólaþræðir. <https://skolathraedir.is/2019/12/23/laesisfimman-namsskipulag>

# 1. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluáæferðir og skipulag	Matstæki og áæferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"><li>Talað hátt og skýrt</li><li>Tjáð sig frammi fyrir hópi</li><li>Staðið rétt í púlti</li><li>Sagt frá eigin upplifun</li><li>Hlustað á aðra</li><li>Sýnt kurteisi og tekið tillit til annarra</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Byrjendalæsi</li><li>Stigskiptur stuðningur</li><li>Framsögn/umræður í hópi, í þörum og fyrir framan hóp</li><li>Virk hlustun og áhorf þjálfuð í gegnum upplestur og samverur í heimastofu og sal skólans</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Leiðsagnarmat</li><li>Lokamat</li><li>Framburðarmat október</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Tjáir sig af öryggi frammi fyrir hópi</li><li>Hlustar á aðra og talar þegar við á</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Greining og þjálfun talmeinafræðings</li></ul>

# 1. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"><li>• Þekkt hugtökin bókarkápa og höfundur</li><li>• Lesið léttan texta upphátt og í hljóði</li><li>• Skilið inntak stuttra setninga</li><li>• Þekkt alla íslensku stafina og hljóð þeirra</li><li>• Þekkt nokkrar algengar orðmyndir</li><li>• Greint orð í bókstafi og hljóð</li><li>• Þekkt hugtakið stafróf</li><li>• Leikið sér með orð og merkingu, s.s. rím og orðaleikir</li><li>• Þekkt sérhljóða og samhljóða</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Byrjendalæsi</li><li>• K- pals</li><li>• Stigskiptur stuðningur</li><li>• Lestraramboð</li><li>• heimalestur</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðsagnarmat</li><li>• Lesferill (MMS)<ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimipróf þrisvar á vetri</li></ul></li><li>• Sjónrænn orðaforði þrisvar á vetri (MMS)</li><li>• Orðleysupróf þrisvar á vetri (MMS)</li><li>• Lesskimun október</li><li>• Matsrammi um lestrarlag (MMS)</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lesferill – lesfimiviðmið:<ul style="list-style-type: none"><li>• Viðmið 1-20 orð/mín</li><li>• Viðmið 2-55 orð/mín</li><li>• Viðmið 3-75 orð/mín</li></ul></li><li>• Lesskimun f. 1. bekk<ul style="list-style-type: none"><li>• Utan áhættu</li><li>• Áhætta 1</li><li>• Áhætta 2</li><li>• Óvissa</li></ul></li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sérkennsla</li><li>• Lestrarsprettur</li><li>• Einstaklingsmiðuð læsisverkefni barns/forráðama nna/kennara</li></ul>

# 1. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Ritun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Dregið rétt til stafs</li><li>• Þekkt rétta skriftarátt</li><li>• Skrifað rétt á línu</li><li>• Þekkt hugtökin upphaf, meginmál og endi</li><li>• Þekkt einfalt hugtakakort</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Byrjendalæsi</li><li>• Skriftarkennsla</li><li>• Ritun stuttra setninga</li><li>• Skapandi skrif/sögugerð í máli og myndum</li><li>• Hugtakakort og söguvegur við sögugerð</li><li>• Unnið með ólíkar textagerðir s.s. ævintýri, uppskriftir og ljóð</li><li>• Stigskiptur stuðningur</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðsagnarmat</li><li>• Matsrammi í ritun</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Heldur rétt á skriffæri</li><li>• Skrifar snyrtilega og skipulega í ýmsum tilgangi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hjálpartæki nýtt á skriffæri til að örva rétt grip</li><li>• Iðjuþjálfun</li></ul>



## 2. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"><li>• Beitt skýrum framburði</li><li>• Tjáð sig í töluðu máli</li><li>• Staðið rétt í púlti, horft fram og staldrað við í upphafi og endi</li><li>• Hlustað af athygli á aðra</li><li>• Sýnt kurteisi og tekið tillit til annarra</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Byrjendalæsi</li><li>• Stigskiptur stuðningur</li><li>• Framsögn/umræður í hópi, í þörum og fyrir framan hóp</li><li>• Virk hlustun og áhorf þjálfuð í gegnum upplestur og samverur í heimastofu og sal skólans</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðsagnarmat</li><li>• Lokamat</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Tjáir sig af öryggi frammi fyrir hópi</li><li>• Hlustar á aðra og talar þegar við á</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Greining og þjálfun talmeinafræðis</li></ul>

## 2. bekkur

	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lesið upphátt og í hljóði</li><li>• Unnið með fjölbreyttan orðaforða</li><li>• Tengt lesefni við eigin reynslu</li><li>• Lesið ævintýri, sögur og ljóð</li><li>• Þekkt hugtakið persóna og söguþráður</li><li>• Þekkt mismunandi ljóðform og hugtök í bragfræði, s.s. rím</li><li>• Aflað sér upplýsinga á mismunandi hátt</li><li>• Náð lágmarks viðmiðum árgangs um lestrarhraða</li><li>• Túlkað lesið efni, dregið saman meginatriði texta og spáð fyrir um framhaldið</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Byrjendalæsi</li><li>• Gagnvirkur lestur</li><li>• K – pals</li><li>• Stigskiptur stuðningur</li><li>• Lestraramboð</li><li>• Yndislestur</li><li>• Heimalestur</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðsagnarmat</li></ul> Lesferill (MMS) <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimiþróf þrisvar á vetri</li><li>• Sjónrænn orðaforði þrisvar á vetri (MMS)</li><li>• Orðleysuþróf þrisvar á vetri (MMS)</li><li>• Matsrammi um lestrarlag (MMS)</li></ul>	Lesferill – lesfimiviðmið: <ul style="list-style-type: none"><li>• Viðmið 1-40 orð/mín</li><li>• Viðmið 2-85 orð/mín</li><li>• Viðmið 3-100 orð/mín</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sérkennsla</li><li>• Lestrarsprettur</li><li>• Einstaklingsmið uð læsisverkefni barns/forráða manna/kennara</li></ul>

## 2. bekkur

	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Ritun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Dregið rétt til stafs</li><li>• Tjáð sig með ritun</li><li>• Þekkt hugtökin upphaf, meginmál og endi</li><li>• Útbúið einfalt hugtakakort um ákveðið efni</li><li>• Skrifað stuttar setningar frá eigin brjósti, t.d. við mynd</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Byrjendalæsi</li><li>• Skriftarkennsla</li><li>• Skapandi skrif/sögugerð í máli og myndum</li><li>• Hugtakakort, orðalistar og ritunarráttur við sögurgerð</li><li>• Forrit til ritunar og myndsköpunar</li><li>• Stigskiptur stuðningur</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðsagnarmat</li><li>• Matsrammi í ritun</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skrifar snyrtilega og skipulega í ýmsum tilgangi bæði handskrifað og á tölvutæku formi</li><li>• Kann að nýta ýmsar stoðir s.s. hugtakakort við ritun og sögurgerð</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hjálpartæki nýtt á skrifæri til að örva rétt grip</li><li>• Löjupjálfun</li></ul>

# 3. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"><li>Talað skýrt og áheyrilega</li><li>Tjáð sig með leikrænni tjáningu og beitt blæbrigðum við upplestur</li><li>Staðið rétt í púlti, horft fram og staldrað við í upphafi og endi</li><li>Endursagt sögu eða atburð</li><li>Hlustað og horft með athygli á upplestur</li><li>Sýnt kurteisi og tekið tillit til annarra</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Byrjendalæsi</li><li>Upplestur/hlustun</li><li>Stigskiptur stuðningur</li><li>Framsögn úr púlti</li><li>Umræður í hópi og í pörum</li><li>Flutningur fyrir bekkjarfélagi og foreldra</li><li>Virk hlustun og áhorf þjálfuð í gegnum upplestur og samverur í heimastofu og sal skólans</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Leiðsagnarmat</li><li>Þátttaka í umræðum</li><li>Lokamat</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Tjáir sig af öryggi frammi fyrir hópi</li><li>Hlustar á aðra og talar þegar við á</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Greining og þjálfun talmeinafræðings</li></ul>

# 3. bekkur

	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið skýrt og lipurt almenn lesefni</li> <li>• Lesið sér til skilnings og ráðið í merkingu orða út frá samhengi</li> <li>• Þekkt algeng hugtök úr bókmenntum og ljóðum</li> <li>• Nýtt fjölbreytta miðla til upplýsingaleitar</li> <li>• Túlkað lesið efni, dregið saman meginatriði texta og spá fyrir um framhaldið</li> <li>• Náð lágmarks viðmiðum árgang um leshraða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Byrjendalæsi</li> <li>• Gagnvirkur lestur</li> <li>• K – pals</li> <li>• Yndislestur</li> <li>• Lestraramboð</li> <li>• Stigskiptur stuðningur</li> <li>• Heimalestur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðsagnarmat</li> <li>• Lesferill (MMS)</li> <li>• Lesfimipróf þrisvar á vetri</li> <li>• Sjónrænn orðaforði þrisvar á vetri (MMS)</li> <li>• Orðleysupróf þrisvar á vetri (MMS)</li> <li>• Orðarún lesskilningspróf MMS tvisvar á vetri</li> <li>• Logos lestrarskimun</li> <li>• Matsrammi um lestrarlag (MMS)</li> </ul>	<p>Lesferill – lesfimiviðmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Viðmið 1- 55 orð/mín</li> <li>• Viðmið 2- 100 orð/mín</li> <li>• Viðmið 3- 120 orð/mín</li> </ul> <p>Logos niðurst. skimunar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• 1. – 15. hundraðsröð miklir veikleikar til staðar</li> <li>• 16. – 30. h. röð veikleikar</li> <li>• 30. – 100. h. röð yfir veikleikamörkum/ styrkleikar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sérkennsla</li> <li>• Lestrarsprettir</li> <li>• Einstaklingsmiðuð læsisverkefni barns/forráðamanna/kennara</li> </ul>

# 3. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Ritun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega</li><li>• Náð góðum skriftarhraða</li><li>• Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta</li><li>• Þekkt hugtökin titill, upphaf, meginmál og endir</li><li>• Samið texta frá eigin brjósti</li><li>• Nýtt sér hugtakakort við gerð texta</li><li>• Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Byrjendalæsi</li><li>• Skriftarkennsla</li><li>• Skapandi skrif/sögugerð í máli og myndum</li><li>• Hugtakakort, orðalistar og ritunarráttur við sögugerð</li><li>• Forrit til ritunar og myndsköpunar</li><li>• Stafsetning: sóknarskrift, upplestur og vinnubækur</li><li>• Stigskiptur stuðningur</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðasagnarmat</li><li>• Matsrammi í ritun</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skrifar snyrtilega og skipulega í ýmsum tilgangi bæði handskrifað og á tölvutæku formi</li><li>• Kann að nýta ýmsar stoðir s.s. hugtakakort við ritun og sögugerð</li><li>• Stafsett rétt og nýtt sér ýmis konar amboð í þeim tilgangi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Iðjubjálfun</li></ul>

# 4. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"><li>• Talað skýrt og áheyrilega</li><li>• Staðið rétt í púlti, horft fram og staldrað við í upphafi og endi</li><li>• Sagt skipulega frá ákveðnu efni</li><li>• Hlustað og horft með athygli</li><li>• Endursagt sögu eða atburð</li><li>• Sýnt kurteisi og tekið tillit til annarra</li><li>• Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Byrjendalæsi</li><li>• Stigskiptur stuðningur</li><li>• Framsögn úr púlti</li><li>• Flutningur fyrir bekkjarfélaga og foreldra</li><li>• Virk hlustun og áhorf þjálfuð í gegnum upplestur og samverur í heimastofu og sal skólans</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðsagnarmat</li><li>• Þátttaka í umræðum</li><li>• Lokamat</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Tjáir sig af öryggi frammi fyrir hópi</li><li>• Hlustar á aðra og talar þegar við á</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Greining og þjálfun talmeinafræðingis</li></ul>

# 4. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lesið texta skýrt og greinilega</li><li>• Lesið fjölbreytta texta sér til ánægju og gagns</li><li>• Nýtt fjölbreytta miðla til upplýsingaleitar</li><li>• Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni</li><li>• Notað algeng hugtök úr bókmenntum og ljóðum</li><li>• Þekkt ákveðin ljóð</li><li>• Skilið og nýtt sér ákveðin orðtök og málshætti</li><li>• Áttað sig á meginatriðum texta</li><li>• Þekkt hugtakið sögupersóna og þráður</li><li>• Áttað sig á boðskap efnis</li><li>• Þekkt hugtakið umhverfi í bókmenntum</li><li>• Náð lágmarks viðmiðum árgangs um leshraða</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Byrjendalæsi</li><li>• Gagnvirkur lestur</li><li>• G – pals</li><li>• Læsisfimman</li><li>• Yndislestur</li><li>• Lestraramboð</li><li>• Stigskiptur stuðningur</li><li>• Heimalestur</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðsagnarmat</li></ul> <p>Lesferill (MMS)</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimipróf þrisvar á vetri</li><li>• Orðarún lesskilningspróf MMS tvisvar á vetri</li><li>• Matsrammi um lestrarlag (MMS)</li></ul>	<p>Lesferill – lesfimiviðmið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Viðmið 1-80 orð/mín</li><li>• Viðmið 2-120 orð/mín</li><li>• Viðmið 3-145 orð/mín</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sérkennsla</li><li>• Lestrarsprettir</li><li>• Einstaklingsmiðuð læsisverkefni barns, forráðamanna og kennara</li></ul>



# 4. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Ritun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt</li><li>• Láti stafi sitja á línu, haft jafnan halla á stöfum, jafnt bil milli orða og vandað frágang</li><li>• Náð góðum skriftarhraða</li><li>• Skrifað sögu með titil, upphafi, miðju og endi</li><li>• Nýtt sér hugtakakort við gerð texta</li><li>• Notað spássú</li><li>• Samið og flutt texta frá eigin brjósti</li><li>• Beitt einföldum stafsetningarreglum og nýtt sér amboð við hæfi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Byrjendalæsi</li><li>• Skriftarkennsla</li><li>• Læsisfimman</li><li>• Skapandi skrif/sögugerð í máli og myndum</li><li>• Hugtakakort, orðalistar og ritunarráttur við sögugerð</li><li>• Forrit til ritunar og myndsköpunar</li><li>• Stafsetning: sóknarskrift, upplestur, hringekja og vinnubækur</li><li>• Stigskiptur stuðningur</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðasagnarmat</li><li>• Matsrammi í ritun</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skrifar snyrtilega og skipulega í ýmsum tilgangi bæði handskrifað og á tölvutæku formi</li><li>• Kann að nýta ýmsar stoðir s.s. hugtakakort við ritun og sögugerð</li><li>• Getur ígrundað/horft með gagnrýnum augum eigið efni/texta</li><li>• Stafsett rétt og nýtt sér ýmis konar amboð í þeim tilgangi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Iðjubjálfun</li></ul>

# 5. bekkur



	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"><li>• Komið fram í ræðupúlti</li><li>• Tjáð sig skýrt og áheyrilega, gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar, beitt blæbrigðum í frásögn</li><li>• Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar</li><li>• Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum</li><li>• Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum</li><li>• Nýtt sér myndefni og rafrænt efni</li><li>• Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur læra að nota ræðupúlt og fræddir um gildi góðrar framsagnar</li><li>• Framsögn þjálfuð með áherslu á raddstyrk og beitingu, framburð og hrynræna þætti</li><li>• Nemendum kenndar samskipta og samræðureglur s.s. um virka hlustun</li><li>• Nemendur fá þjálfun í að segja skipulega frá og tjá tilfinningar sínar og skoðanir og rökstyðja þær</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Leiðsagnarmat</li><li>• Sjálfsmat</li><li>• Jafningjamat</li><li>• Lokapróf</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemandi les/flytur mál sitt skýrt, með góðum raddstyrk, réttum áherslum og með tjáningu</li><li>• Nemandi getur tekið þátt í samræðum samkvæmt reglum s.s. tjáir eigin skoðanir skýrt og skipulega, hlustar á aðra og sýnir skoðunum þeirra virðingu</li><li>• Nemandi getur sagt frá því sem hann heyrir og sér með skipulögðum hætti og greint aðalatriði frá aukaatriðum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Stigskiptur stuðningur</li></ul>

# 5. bekkur

	Hæfniviðmið	Kennsluáðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið texta við hæfi með góðu lestrarlagi (hraði, hrynjandi, flæði)</li> <li>• Notað þekkingu og reynslu ásamt góðum orðaforða við lestur og skilning á texta</li> <li>• Greint og fjallað um aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á honum</li> <li>• Lesið fjölbreyttar bókmenntir</li> <li>• Beitt hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi</li> <li>• Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr og nýtt við lausn verkefna</li> <li>• Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær</li> <li>• Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi, til gagns og ánægju</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðir Orðs af orði við að byggja upp orðaforða og lesskilning</li> <li>• Læsisfimman</li> <li>• Yndislestur</li> <li>• Leiðsögn um lestrarlag - sýnikennsla og umræður</li> <li>• Paralestur</li> <li>• Samlestur</li> <li>• Upplestur</li> <li>• Gagnvirkur lestur</li> <li>• Bókasafnsfræðsla</li> <li>• Heimalestur hluti af daglegu heimanámi</li> <li>• Kynna nemendum margvíslega texta og bókmenntir</li> <li>• Kenna leiðir til að greina upplýsingar í texta, draga ályktanir og lesa milli lína</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðsagnarmat</li> </ul> <p>Lesferill (MMS)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesfimipróf þrisvar á vetri</li> </ul> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Matsrammi um lestrarlag (MMS)</li> </ul> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðarún lesskilningspróf MMS tvisvar á vetri</li> </ul>	<p>Lesferill – lesfimiviðmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Viðmið 1-90 orð/mín</li> <li>• Viðmið 2-140 orð/mín</li> <li>• Viðmið 3-160 orð/mín</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrarsprettur</li> <li>• Sérkennsla</li> <li>• Hljóðbækur</li> <li>• Stigskiptur stuðningur s.s. styttir textar og myndasögur</li> </ul>

# 5. bekkur

	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifað læsilega og af öryggi</li> <li>• Valið textategund, skipulagt texta (með upphafi, miðju og endi) og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni</li> <li>• Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa</li> <li>• Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar</li> <li>• Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðir Orðs af orði t.d. gerð hugtakakorta</li> <li>• Læsisfimman</li> <li>• Hefðbundin skriftarkennsla með viðeigandi endurgjöf</li> <li>• Kennsla í réttritun með viðeigandi endurgjöf</li> <li>• Skapandi skrif og fjölbreytt viðfangsefni</li> <li>• Nemendum kynnt ólík uppbygging texta s.s bygging og skipulag</li> <li>• Nemendum kennt á ritvinnsluforrit</li> <li>• Nemendum leiðbeint með notkun hjálpargagna við ritun s.s. rafrænna orðabóka og leiðréttingarforrita</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðsagnarmat</li> <li>• Sjálfsmat</li> <li>• Matskvarðar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur sett efni fram skýrt og skipulega í ýmsum tilgangi þ.e. gæðatexta/efni</li> <li>• Getur dregið fram aðalatriði í texta</li> <li>• Nýtir leiðsögn sér til framdráttar í ritun/sögugerð</li> <li>• Skipuleggur ritun sína og nýtir sér hjálpargögn við ritun s.s. hugtakakort</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sérkennsla</li> <li>• Stigskiptur stuðningur</li> <li>• Skila inn allri ritun á tölvutæku formi</li> </ul>

# 6. bekkur

	Hæfniviðmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir	Viðmið um árangur	Íhlutun
